

Norskar bókmenntir

Þjóðsögur, draugasögur og ævintýri þekkja flestir Íslendingar, a.m.k. þeir sem eru fæddir fyrir síðustu aldamót, og má segja að þær séu samtvinnaðar menningu Íslendinga frá fornu fari. Frændur okkar í Noregi búa einnig að sams konar frásögnum sem eru grunnur að bókmenntaarfi þeirra.

Norskar þjóðsögur *Norske folkeeventyr* (1841-1844) er samantekt frásagna sem hafa varðveist og þróast úr ýmsum mállýskum afdala Noregs, allt frá heiðni til nútímans. Þetta eru sögur um drauga, álfa, guði og tröll settar saman á meistaralegan hátt, og þannig er varðveitt sérstaða þeirra í sagnahefð Norðmanna.

Þáttaskil urðu í norskri bókmenntasögu með útgáfu þjóðsagnanna, sem hafði marktæk áhrif á norska tungu. Asbjörnsen og Moe skrásettu þessar frásagnir. Þeir kynntust ungir, en þrátt fyrir ólíkan bakgrunn urðu þeir fljótt fóstbræður.

Per Christen Asbjörnsen (1812-1885) var sonur glersmiðs. Hann tók að sér einkakennslu í Austur-Noregi um tvítugt og hóf þar að safna þjóðsögum. Jörgen Engebretsen Moe (1813-1882) var sonur efnaðs og vel menntaðs bónda. Hann útskrifaðist sem guðfræðingur og gerðist einnig kennari, og í frítíma sínum safnaði hann þjóðsögum í Suður-Noregi. Á sama tíma hóf Asbjörnsen að sinna náttúruvísindum, og á ferðum sínum um norsku firðina viðaði hann að sér fleiri frásögnum. Seinna ákváðu svo þeir Asbjörnsen og Moe að gefa efnið út í sameiningu.

Á þessum tíma gætti mikilla áhrifa af stöðluðu ritmáli Dana á norskt ritmál. Það þótti því ótækt að gefa út þjóðsögur Norðmanna undir þeim kringumstæðum. Einnig voru norsku mállýskurnar taldar of staðbundnar til að hægt væri að nota þær í svona útgáfu.

Asbjörnsen og Moe leystu þetta vandamál með því að aðlaga stíl sinn að stefnu Grimms-bræðra, þ.e. að einfalda ritmálið í stað þess að nota mismunandi mállýskur. Hins vegar lögðu þeir jafnvel meiri áherslu á að halda þjóðlegum einkennum sagnanna en forverar þeirra í Þýskalandi höfðu gert.

Fyrstu sagnasöfnin komu út á árunum 1841 til 1844. Upphaflega kom safnið út í heftum, en síðar voru gefin út tvö bindi, 1845 og 1848, sem nefndust *Norske folke- og huldre-eventyr*.

Evrópa tók verkinu sem mikilvægu framlagi til samtíma goðsagna og var það þýtt á fjölmörg tungumál. Fyrsta þýðingin á ensku kom út árið 1859 og fleiri fylgdu á eftir allt fram á 21. öldina.

Í Noregi var verkið fyrirmynd að stílbragði sem hafði áhrif á þróun bókmáls (ríkismál) sem í dag er annað af tveimur opinberum ritmálum Noregs, en hitt er nýnorska (landsmál).